

AUGLÝSING

160

11. nóv.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

13. Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Staðfest 26. september 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

161

12. nóv.

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum | 2% |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 3. — túnnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum | 0.5% |

3. gr.

Skatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er, skal sleppa, og ná fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

161 Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru
12. nóv. leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milli-ríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

162

14. nóv.

RÆKTUNARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélag Snæfjallahrepps
í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélag Snæfjallahrepps í N.-Ísafjarðar-sýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, svofellda samþykkt:

1. gr.

Samþykktin nær yfir svæði Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélags Snæfjallahrepps í N.-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til hvers konar ræktunar eftir því sem nauðsyn krefur.
2. Að framkvæma sléttun túna, sem ekki eru þegar véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja sem ekki eru þegar véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanna, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkin skuli framkvæmd. Tilgangi sínum hyggst sambandið að ná með því að afla sér véla og áhalda.

3. gr.

Aðalfundur sambandsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Sæti á honum eiga allir meðlimir búnaðarfélaganna. Aðalfundur skal haldinn fyrir apríllok ár hvert.